enda í löglegri vist í Flatatungu, verður að álíta, að hann hafi haft 10 ára lög- **91**
mæta sveitfestisdvöl í Akrahreppi, og úrskurðar stjórnarráðið því hjermeð, að 13. ágúst
hann hafi unnið sjer persónulega sveitfesti þar í hreppi.

Hitt er annað mál, hvort hreppstjórar Lýtingsstaðahrepps hafi eigi með nefndri yfirlýsing sinni skuldbundið sveitarsjóð þess hrepps til þess að ábyrgjast Akrahreppi allan kostnað, sem hreppurinn biði af því að Lárus yrði þar sveitlægur. Það atriði, að Lýtingsstaðahreppur hefur borgað með honum á árunum 1875—1880 bendir á, að sveitarstjórnin þar hafi viðurkennt slíka skyldu. En hjer er um einkamál milli hreppanna að ræða, fullnæging á fjárloforði, og ber það undir endanleg úrslit dómstólanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins *til stiptsyfirvaldanna* **um embættislán handa Breiðabólsstaðarprestakalli á Skógarströnd.** — Samkvæmt **92**
23. ágúst
tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu í dag, vill stjórnarráðið hjermeð veita samþykki sitt til þess, að presturinn að Breiðabólsstað á Skógarströnd, sjera Lárus S. Halldórsson, taki uppá prestakallið með sem vildustum kjörum 500 kr. lán, sem endurborgist auk vaxta með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 20 árum, til þess að kaupa handa prestakallinu hlöðu þá, sem presturinn hefur byggt á staðnum úr torfi, timbri og járni, og til túnbóta á prestssetrinu, gegn því að hlöðunni, er kaupist fyrir 360 kr. af lánsupphæðinni, á sínum tíma verði skilað í gildu standi eða með fullu álagi. Af lánsupphæðinni má þegar við lántökuna útborga 430 kr., en 70 kr. eigi fyr en sannað er að túnbætur sjeu unnar fyrir að minnsta kosti 140 kr. og að vel sje frá þeim gengið.

Erindisbrjef til bráðabirgða

fyrir **93**
12. júlí

yfirmatsmann á gæðum fiskfarma í Reykjavik.

1. gr.

Yfirmatsmaðurinn skal kynna sjer sem bezt, hvernig saltfiskur skal vera að verkun, útliti og stærð, svoað hann verði talinn fyrsta flokks vara á þeim stöðum, þar sem helztur markaður er fyrir hann, einkum á Spáni og Ítalíu, og hvernig fara á með fiskinn og verka hann, svoað hann verði talinn fyrsta flokks vara.

Hann skal og kynna sjer sem bezt, hvernig fiskinum skal fyrirkoma og um hann búa í skipum þeim, sem hann er fluttur út á, svoað hann skemmist ekki við flutninginn.

93
12. júlí

2. gr.

Hann skal eiga heimili í Reykjavík og hefur hann einn á hendi yfirmat á öllum saltfiski, er þaðan flyzt; um fyrirkomulag þess og framkvæmd á því eru settar eptirfarandi reglur.

3. gr.

Hann hefur fiskimatsmenn sjer til aðstoðar við sortering saltfisksins og við umsjónina við vigt hans og útskipun. Hann sendir lögreglustjóra tillögur sínar um, hve marga fiskimatsmenn þurfi að skipa og hverjir ættu að skipast fiskimatsmenn. Þeir eru skyldir að hlýða yfirmatsmanni samkvæmt þeim reglum, sem settar eru í erindisbrjefi fyrir þá.

4. gr.

Hann er skyldur þegar einhver, er ætlar að flytja út saltfisk, óskar þess, að vera til taks til að meta fisk og tekur þá fiskimatsmenn sjer til aðstoðar við starfið, er honum lízt sjálfum. Ef fleiri óska að metið sje hjá sjer samtímis, skal hann leitast við að koma því svo fyrir, að metið verði fyrir fleiri í einu.

Hann skal haga vinnunni við fiskimatið svo, að tveir fiskimatsmenn skoði hvern fisk, svoað tveir matsmenn geti vottað um allan farminn.

5. gr.

Hann skal segja fiskimatsmönnunum fyrir um starfið við fiskimatið og leiðbeina þeim og yfir höfuð kosta kapps um, að þeir verði sem færastir í því að dæma saltfisk. Hann skal, að svo miklu leyti sem hann getur, líta eptir þeim við vinnuna.

6. gr.

Hann skal gæta þess, að saltfiskur sje ávallt sorteraður og veginn í geymsluhúsi, þar sem er nægilega bjart; fiskinn má ekki meta nema við dagsbirtu.

7. gr.

Hann skal gæta þess að fiskinum sje ekki skipað út nema í vel þurru veðri og sker hann úr, hvort veður og sjór sje svo gott, að skipa megi fiskinum út.

8. gr.

Hann skal gæta þess, að bátar þeir, sem notaðir eru til útskipunar fisksins, sjeu með öllu lekalausir og vel hreinir. Einnig skal hann gæta þess, að nægilegar, heilar og hreinar ábreiður eða segl fylgi bátunum til þess að breiða undir og yfir fiskinn í þeim.

9. gr.

Hann skal sjá um að farrúm skipsins, þar sem fiskurinn á að flytjast út

í, sje þurt og hreint, að það sje nægilega klætt borðum, heilum og hreinum mottum eða striga, svo og að nægilegt bil sje á gufuskipum milli fiskjarins og vjelarinnar svo að hann geti eigi skemmzt af hita frá henni. 93 12. júlí

10. gr.

Ef fiskinum er ekki skipað út jafnóðum og hann hefur verið metinn, skal yfirmatsmaður hafa eptirlit með því, að fiskurinn sje svo geymdur, frá því er mat fór fram, þar til er honum er útskipað, að hann skemmist ekki. Þyki yfirmatsmanni ástæða til að ætla, að fiskur hafi skemmzt frá því, er mat fór fram, er honum heimilt að skipa svo fyrir, að hann skuli metinn á ný fyrir útskipun.

11. gr.

Hann skal gæta þess að fiskurinn skemmist ekki að neinu leyti við útskipunina og skal hann segja fyrir um, hvernig henni skal haga.

Hann skal því hafa gætur á því að fiskurinn skemmist ekki, þegar hann er borinn niður í útskipunarbátana og þeir sjeu eigi um of hlaðnir og breitt sje yfir fiskinn í þeim, svo sjór slettist ekki á hann, og á hann annaðhvort sjálfur að hafa eða láta fiskimatsmenn fyrir sína hönd hafa eptirlit með því í landi.

Hann á ennfremur að hafa gætur á því, að fiskurinn verði ekki skemmdur, þegar hann er tekinn upp úr bátunum og látinn niður í lestina á útflutningsskipinu og að honum sje vel fyrirkomið í lestinni, svo að hann haggist ekki nje skemmist og á hann að hafa annaðhvort sjálfur eða láta fiskimatsmann fyrir sína hönd hafa eptirlit með því um borð.

Ef skipunum hans eða fiskimatsmanns fyrir hans hönd er ekki hlýtt, skal hann neita að gefa út fiskimatsvottorð um fiskinn.

12. gr.

Þegar fiskurinn hefur verið metinn og veginn og fluttur út í skipið og komið þar fyrir, gefur hann út fiskimatsvottorð um farminn, ef hann er fullviss um að fiskurinn eins og hann er í skipinu sje fyrsta flokks vara og honum svo vel fyrirkomið í lestinni að eigi sje hætta á, að hann skemmist í skipinu, og hefur hann að viðlagðri hegning að lögum ábyrgð á því að vottorðið sje rjett og satt.

Hann skal gæta þess og fullvissa sig um, að fiskurinn, sem hann hefur metið og gefur fiskimatsvottorð um sje íslenzk vara, en saltfiskur, sem verkaður er hjer á landi, telst íslenzk vara.

Fiskimatsvottorðin skal hann rita á þartil gerð eyðublöð; skal hann áður en hann afhendir hlutaðeigendum vottorðin fá áritun lögreglustjóra á þau um að hann sje löggiltur yfirmatsmaður.

13. gr.

Hann gætir þess að reikningar fiskimatsmanna fyrir vinnu að fiskimati undir stjórn hans sjeu rjettir og samkvæmir töxtum þeim, sem ákveðnir eru í

93 12. júlí erindisbrjefinu fyrir þá, og skrifar hann uppá reikningana áður en þeir eru útborgaðir af þeim, sem metið hefur verið fyrir.

14. gr.

Yfirmatsmaðurinn er launaður úr landssjóði með 800 kr. fyrst um sinn á ári um fjárhagstímabilið 1904—1905, er útborgast honum með 200 kr. eptirá fyrir hvern ársfjórðung. Honum er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni, sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum eða öðrum, sem við skip það eru riðnir, sem fiskurinn er fluttur út á.

15. gr.

Hann skal ennfremur meta saltfisk, sem fluttur er út frá Hafnarfirði, Akranesi og Keflavík, ef því verður viðkomið án þess að útflytjendur saltfisks í Reykjavík líði baga við, að yfirmatsmaður fer burt úr bænum í þeim erindum, og skal hann fullvissa sig um það áður en hann ákveður að fara.

Hann skal því að eins fara til fiskmats á nefnda staði, að hann fái beiðni um það frá lögreglustjóranum þar eða umboðsmanni hans, og verða því þeir, sem æskja eptir að fá yfirmatsmanninn, að snúa sjer í því efni til lögreglustjóra.

Til aðstoðar við fiskimatið á þessum stöðum skal hann taka með sjer fiskimatsmenn frá Reykjavík. Og fá þeir þá, auk hinnar venjulegu borgunar fyrir vinnuna við fiskimatið, fæðispeninga og borgun fyrir ferða- og dvalardaga samkvæmt því, sem fyrir er mælt í erindisbrjefinu fyrir þá, og skrifar yfirmatsmaður upp á reikninga þeirra.

Yfirmatsmaðurinn fær á þessum ferðum fæðispeninga 3 kr. á dag og ferðakostnað eptir reikningi, sem lögreglustjóri eða umboðsmaður hans á staðnum úrskurðar, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sjer saman. Honum er heimilt að krefjast þess, að nefndur lögreglustjóri eða umboðsmaður hans innheimti þetta endurgjald til hans og fiskimatsmanna hjá þeim, sem beðið hafa um þá til fiskimatsins.

Annars gilda um fiskimat á þessum stöðum sömu reglur og í Reykjavík samkvæmt erindisbrjefi þessu og erindisbrjefi fiskimatsmanna.

16. gr.

Yfirmatsmaður má eigi vera í þjónustu kaupmanna eða annara, er fisk láta meta til útflutnings.

Hann má ekki framkvæma yfirmat á fiski, sem hann er sjálfur eigandi að eða hefir verkað.

17. gr. 93

Hann ritar undir eiðstaf um að hann vilji hlýða erindisbrjefi þessu og með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, er á honum hvíla í stöðu hans. 12. júlí

Hann verður að sætta sig við þær breytingar, sem kunna að verða gjörðar á erindisbrjefi þessu.

Í stjórnarráði Íslands, 12. júlí 1904.

K. Hafstein.

Jón Hermannsson.

Erindisbrjef 94

fyrir 12. júlí

fiskimatsmenn í Reykjavík.

1. gr.

Fiskimatsmennirnir eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfisks og sem leiknastir í að sortera hann.

2. gr.

Yfirmatsmaðurinn er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón með vigt og útskipun saltfisks og hleðslu hans í skipum þeim, sem hann er fluttur út á. Hann kveður þá til vinnunnar og skiptir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir vilja fara burt úr bænum um nokkuð langan tíma, skulu þeir gjöra honum aðvart um það fyrirfram.

3. gr.

Þeir eru skyldir að fara eptir fyrirskipunum hans og leitast við að gjöra honum til hæfis, þegar þeir vinna undir stjórn hans.

4. gr.

Fiskimatið skal fara svo fram, að tveir matsmenn skoði saman hvern fisk, svo tveir geti vottað um allan farminn.

Komi það fyrir við vinnuna, hvort það er við sortering fisks, umsjón með vigt hans, útskipun eða hleðslu um borð, að þeir sjeu í efa um eitthvað eða komi eitthvað fyrir, sem hann hefir ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til hans og fá fyrirskipanir hans um hvað gjöra skuli, en verði því ekki viðkomið, skulu þeir ráða það úr, sem þeim sýnist rjettast, og skýra honum svo frá því sem fyrst og áður en hann gefur út fiskimatsvottorðið.

Þeir skulu og skýra honum frá eða leita hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn að sýsla.